

Sigrún Helgadóttir:

HVAR VERDUM VID ARID 2020?

Flutt á vorþingi Kvennalistans í Skálholti, 25. maí 1991

Arið 2020 sýnist vera óraveg í burtu, en þangað til eru aðeins 29 ár. Eg er sannfærð að á þeim árum verða tímamót og rétt eins og sagnfræðingar nútímans líta gjarnan á ártalið 1500 sem mótt miðalda og endurreisnar, þá muni sagnfræðingar framtíðarinnar líta á eitthvert ártal á okkar ævi sem tímmót í sögu mannkyns. Slik tímamót verða auðvitað ekki á einni nóttu, þau taka langan tíma og forsenda þeirra eru einhverjar breytingar, breytingar á umhverfi, breytingar á þekkingu, ýmsar manngerðar breytingar s.s. tækninýjungar. En hvers konar tímamót eignum við í vændum, eða höfum við e.t.v. þegar óafvitandi upplifað þau? Það vitum við ekki enn.

Eg get ekki að því gert að fór mannkyns þessi árin minnir mig á ferð þeirra kerlingar og sálar Jóns til himnaríkis. Þar gat brugðið til beggja vona og þau bæði hrappað niður í ystu myrkur og það var sannarlega ekki karlinum að þakka, þessum nautnasegg, að kerling komst upp og gat þar með dröslað honum lika upp á brún. Að okkar ferðalagi ferðast sumir á fyrsta farrými og hafa ekkert fyrir lífinu eins og sálin í skjóðunni og þeim virðist svo sem alveg sama þótt verði látið gossa niður, hvaða svo sem afleiðingar það hefur, aðrir berjast upp í mótt og hrasa við fót, en klifa samt kannski oft meira af seiglu en getu.

I þessari hættulegu skriðu sem mannkyn erstatt i, virðist sú leiðin auðveldust sem sýnist liggja beint áfram, en í raun liggur hún niður á við. Sumir segja reyndar að hún liggji beint að þverhníptu bjargi þar sem menn hrapi og tortimist, ekki veit ég það, en er hins vegar viss um að hún liggur niður á við í þeim skilningi að hún liggur að versnandi lífskjörum alls mannkyns þegar til langs tíma er litið og sá timi er kannski alls ekki svo langur. Þetta er sú leið sem ráðandi öfl i heiminum hafa valið. Stundum virðist þó koma hik á foringjanna og þeir víkja örlitið út af veginum, eða einhver eða eitthvað togar í þá og þeir byrja að paufast upp í mótt, en svo leitar fóturinn að auðveldari leið,

þeir hrasa niður eða einhver togar þá aftur niður á hinn auðvelda veg og taka þá jafnvel á sprett. Óg við sem látum bera okkur í skjóðum, eða fylgjum í humátt á eftir þeim sem niður brekkuna leita, jafnvel þótt við vitum að það sé röng leið, við fyllumst skelfingu sem getur brotist út í vonleysi og þá hugsun við sem svo, æi, við getum ekki verið alltaf að bagsa þetta, það er best að láta sig bara rúlla, eða skelfingin gefur okkur enn meiri orku og afl til að reyna að koma þessum körlum út af veginum og hefja fetin upp í móti.

Nú i veturni leiðtognir einn af þessum spretti um niður á við þegar þeir fóru í enn eitt hryllilegt og tilgangslaust strið. Peir finna að það eru sífellt fleiri sem reyna að koma þeim út af þessari þægilegu leið sem þeir hafa valið sér, þess vegna taka þeir slika spretti og þess vegna vilja þeir bindast samtökum, reyra alla saman til að koma í veg fyrir að heilu þjóðirnar geti ákveðið að fara aðra leið t.d. upp fyrir veginn og fengið þar viðspyrnu til að toga þá sem hingað til hafa ráðið ferðinni út af hinum þægilega vegi.

Eg vil ekki hér eyða tíma mínum í að tala of mikið um afleiðingar þess að við höldum áfram eftir hinni þægilegu braut niðri í móti, en það er ljóst að því lengra sem við höldum eftir henni því erfiðara verður að snúa við og því er ekki að leynt, að til er fólk sem telur að við séum komin í svo miklar ógöngur að við munum aldrei komast upp á brún þar sem betra líf bíður. Mannkyn sé nú þegar búið að eyðleggja svo mikið af raunverulegum auðævum Jarðar og raska svo hringrásum hennar. Flestir fræðimenn spá fyrir um hitnun andrúmslofts og eyðingu ósonlagsins vegna röskunar á lofthjúpi Jarðar, Það hefði ófyrirséðar en mjög miklar afleiðingar fyrir mannkyn, t.d. er þá gert ráð fyrir að ís á norðurheimskauti bráðni og sjávarhæð hækki. Þá færi mikið af verðmætasta ræktarlandi Jarðar í kaf og heimili milljóna fólks, Gætum við Íslendingar annað en boðið fólk i búsetu hér, t.d. fólk sem nú býr við óshólfma stóráa t.d. í Bangladesh og sœu á eftir landi sínu og heimilum í hafið. En það er ekki vist að við hefðum mikið til skiptanna, því að ef af spám þessara manna verður myndu hafstraumar allir breytast og óliklegt að fiskimið okkar yrðu eins gjöful og nú. Mengun hafsins er líka ógnvænleg og eyðing hitabeltisskóga og útdauði tegunda, en þetta hafið þið væntanlega

allar heyrt og þó við megum aldrei gleyma því ástandi á meðan það varir þá megum við ekki láta það öragna okkur. Við erum ekki hingað komnar til að hrylla okkur yfir þeim hörmungum heldur til þess að skerpa sjálfar okkur og gefa okkur styrk til að streytast á móti og draga kallana út af þeim helvegi sem við erum á og reyna að rífa þá og okkur út úr skjóðunum og hjálpast svo að upp í skriðuna. Gangan þar verður erfið og krefst sjálfsafneitunar en hún er eina leiðin sem við getum farið ef við ætlum að koma barnabörnum okkar upp á brún og til mannsæmandi lífs. En við erum ekki einar, það eru ýmsar leiðbeiningar á veginum og jafnvel bindranir og alltaf fleiri og fleiri sem átta sig. Eg geri ekki ráð fyrir að Jörð og þjóðlif verði óþekkjanleg eftir 30 ár, en ég geri ráð fyrir að nokkrar grundvallarbreytingar hafi orðið en áður en ég minnist á þær get ég ekki stillt mig um að lesa fyrstu fjögur erindi ljóðabálks Daviðs Stefánssonar um sálina hans Jóns míns.

Er gigtin fór að jafna um Jón,
fannst Jóni komið nóg.
Þá nennti hann ekki að lifa lengur,
lagði sig – og dó.
En af því hann hafði ýmsum verið
til ama og jafnvel tjóns,
var ekkjan, satt að segja, hrædd
um sálina hans Jóns.

Hún átti fáa að.
Því afréð kerling það
að troða henni í tóma skjóðu
og tölta svo af stað.

Kerling gekk nú lengi, lengi
og lagði á reginfjöll.
Hún varð bæði að klifra kletta,
kafa leir og mjöll.
Allt var þetta upp á móti –
sumt ógurlega bratt,
þó hélt hún, að það hlyti að skána,
en hrasaði og datt.
Upp hún aftur stóð,

gigt= mengun og auðlindaburrð

hélt áfram, preytt og móð.
Alltaf komst hún hærra og hærra
og himinkrapann óð.

Oft grípur einhver geigur þá,
sem ganga í þoku og reyk.
En kerlingin - hún var því vön
og var því hvergi smeyk.
Þótt hún heyrði úr öllum áttum
einhvern stormabyt,
varð það alltaf fegra og fegra
hið fölva stjörnuglit.
Loks gat hún vörður greint
og gat nú farið beint.
Hvern fjandann var að fáraast um,
þó ferðin gengi seint.

Loks var kerling komin upp
á klettafjallsins brún,
sá þar yfir viða velli,
sem voru eins og tún.
Aldrei hafði hún áður séð
svo yndislega sjón.
- Hér væri björgulegt að búa
fyrir bónda eins og Jón.
En búkonunni brá:
Hvergi bólstur, engin ljá.
Aldrei varð hún orðlaus
á ævinni, nema þá.

Arið 1600, (ég virðist alls ekki geta komið mér að efninu, þ.e. árinu 2020) var Ítalinn Bruno brenndur á báli fyrir að aðhyllast sólmiðjukenningu og halda því fram að alheimurinn væri óendanlegur og Jörðin og reikistjörnurnar gengu í kring um sólinu. Nokkrum árum seinna rétt slapp Galileo Galilei við sömu örlog með því að draga fyrri staðhæfingar sínar til baka og sæta því að vera undir ströngu aftirliti kirkjunnar það sem hann átti efitr ólifað. En kirkjan vildi halda í hina formu heimsmynd með

mannin sem miðju alheimsins. Og það liðu 200 ár þangað til kirkjan viðukenndi þessar staðreyndir um Jörðina.

Fyrir 12 árum kom út litil bók eftir breskan visindamann sem hélt fram ekki síður róttækum hugmyndum um Jörðina en þeir Bruno og Galilei og fékk satt að segja ekki ósvipaðar viðtökur, reyndar ekki hjá kirkjunni heldur samfélagi visindamanna. Það er hægt að drepa menn og hugmyndir þeirra á annan hátt en brenna þá á bíli og nútímaðferðir eru t.d. þær að þegja hugmyndir í hel, rægja fólk og gera það og hugmyndir þeirra hlægilegar. Allar þessar aðferðir hafa verið reyndar við þennan umrædda breska visindamann, en hann seiglast og lifir enn, verst og gengur það reyndar takk bærilega því sifellt fleiri visindamenn rjúfa nú þögn sína og standa með honum, geta ekki annað, þeir hafa engin haldbær rök gegn þeim hugmyndum James Lovelock að i raun sé Jörðin lifandi, sifellt fleiri rök eru færð fyrir því að það séu hvorki steypireyður né risafura sem séu stærstu lífverur sólkerfisins heldur Jörðin sjálf. Reyndar hafa aðrir visindamenn komið með svipaðar hugmyndir og kennningar á undan Lovelock, en enginn haldið þeim fram af eins mikilli sannfæringu og þekkingu. Þessar hugmyndir eru þar fyrir utan ævaornar. Hinar s.k. frumstæðu þjóðir trúðu því að Jörðin væri lifandi, meðal annarra okkar eigin forfeður og mæður og svona fyrst ég er á annað borð farin að lesa hér upp úr fagurbókmenntum þjóðarinnar þá segir um þau í formála Snorra Eddu: "Það hugsuðu þeir og undruðust, hví það myndi gegna, er jörðin og dýrin og fuglarnir höfðu saman eðli í sumum hlutum, og þó ólik að hætti. Það var eitt eðli að jörðin var grafin í hám fjalltindum og spratt þar vatn upp, og þurfti þar eigi lengra að grafa til vatns en í djúpum dölum; svá er og dýr og fuglar, að jafnlangt er til blóðs í höfði og fótum. Önnur náttúra er sú jarðar, að á hverju ári vex á jörðiunni gras og blóm og á sama ári fellur það allt og fölnar; svá og dýr og fuglar, að vex hár og fjaðrir og fellur af á hverju ári. Það er hin þriðja náttúra jarðar, þá er hún er opnuð og grafin, þá grær gras á þeirri moldu, er efst er á jörðinni. Björg og steinaþýddu þeir þeir móti tönnum og beinum kvikenda. Af þessu skildu þeir svá, að jörðin væri kvík og hefði líf með nökkurum hætti og vissu þeir, að hún væri furðulega gömul að aldartali og máttug i eðli;

hún fæddi öll kvíkindi og hún eignaðis allt það, er dó; fyrir þá sök gáfu þeir henni nafn og töldu xítina til hennar..."

Slik var hin forna trú manna en nú er hins vegar verið að fára rök fyrir lífi Jarðar á visindalegan hátt og ég tel að árið 2020 verði almennt lítið á Jörðina sem lifandi veru, og við sem erum hluti af þessari Jörð, við erum aðeins hluti af þessum lifandi líkama, rétt eins og frumur líkama okkar eru lifandi heildir í annarri stærri lifandi heild.

Þessi vitneskja hlýtur að breyta afstöðu okkar til Jarðarinnar. Um aldir hefur nánast verið lítið á Jörðina eins og vél sem hægt sé að fara með að vild og alltaf hægt að gera við ef eitthvað fer aflaga. Skynjun okkar og samkennd með umhverfinu hlýtur að aukast og við átta okkur á því að heilbrigði okkar er háð heilbrigði Jarðarinnar. Vistkerfi Jarðarinnar, höfin, regnskógarnir, lönd og strendur eru eins og líffæri líkama, og við vitum að þau þurfa öll að vera heilbrigð til að líkaminn sé heilbrigður. Við erum hluti af þessum vistkerfum, og hin stöðuga hringrás alls efnis á Jörðinni fer um okkur eins og allt annað, líkamar okkar t.d. endurnýjast á hverjum einum og hálfum mánuði að meðaltali, við sem hér stöndum nú, efnið sem í okkur er verður eftir einn og hálfan mánuð komið út í umhverfið en við samansett úr efni sem nú er einhvers staðar í umhverfinu. Samt reyna menn enn að upphefja sig og telja sig ekki hluta af náttúrunni.

Hugsunin um hina lifandi Jörð leiðir til margra samlíkinga. Sú sem hefur lengst gengið í þeirri samlikingu, það sem ég hef lesið, er grísk kona sem er doktor líklega í heimspeki og hún beinlinis ber saman þróun lifs á Jörðinni og þróun mannsins og sögu mannsins og rökstyður þá kenningu sína að Náttúran sé besti leiðbeinandi mannkyns. Hún bendir t.d. á náttúran endurnýtir eða endurvinnur allt efni þar þekkist ekkert sorp, og innan líkama þá virði líffærin sérhæfingu og sérstöðu hvers annars, um leið og þau hjálplist að við að viðhalda lífi í þeirri heild sem líkaminn er. Hún bendir á að heilbrigðar frumur í hverju líffæri skynji á einhvern hátt takmörk sin og hlutverk, skynji hve stórar þær megi vera, hvenær þær megi skipta sér en um leið og hver fruma hugsi þannig um sig þá vinni hún til heilla heildinni.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum Elisabetar Sahtouris, sem hér hefur verið mjög lauslega drepið á, má benda á þá mjög svo

algenga samlikingu að likja fjölgun mannkyns við krabbamein í líkama. Frumur í krabbameini vaxa stjórnlaust vegna þess að þær hafa tapað þessum eiginleika að skynja umhverfi sitt og takmörk og ef ekkert er að gert er fjölgun þeirra veldisvaxandi þangað til þær drepa þann líkama sem þær hafa komið sér fyrir í og deyja þá auðvitað sjálfar um leið. Fólksfjöldi á Jörðinni hefur líka vaxið samkvæmt veldisvexti hin síðustu ár og er núna um 5 og hálfur miljarður fjölgar um 250 000 á dag og gæti orðið ef ekkert er að gert þrisvar sinnum meiri árið 2020. Þessi mikla fólksfjölgun er fyrst og fremst í suðurlöndum og er ekki síst að kenna annars vegar fátækt og hins vegar því, að konur eru lægra settar en karlar. Mannfjöldi leiðir óhjákvæmilega til fátæktar. Menn virðast seint ætla að skynja að Jörðin hefur takmarkaða stærð og þeim mun fleiri sem eru til staðar þeim mun minna kemur í hlut hvers og eins. Það á líka við um island. Náttúra islands getur farið hörðum höndum um íbúa sina og við vitum að á tímum náttúruhamfara og fyrir daga tæknivæðingar fækkaði íbúum landsins langt niður fyrir 40 þúsund. Enginn veit hvað landið gæti borið við núverandi aðstæður og ef gert er ráð fyrir sjálfbærri þróun, en það er næsti vegvisirinn sem ég ætla að lesa á, á leið okkar um skriðótta fjallshlíðina.

Þetta heiti, sjálfbær þróun, kom fyrst fram eftir útkomu s.k. Brundtland skýrslu sem í raun heitir: Sameiginlega framtíð vor. Sú skýrsla er hins vegar afrakstur af störfum nefndar sem vann á vegum Sameinuðu þjóðanna og hafði m.a. það verkefni að leggja fram langtíma áætlun um á hvern hátt gætu farið saman efnahagslegar og þjóðfélagslegar framfarir og full virðing fyrir vistkerfum og náttúru. Og lausnarorðið var sjálfbær þróun. Í riti sem umhverfisráðuneytið gaf út segir: "Með sjálfbærri þróun er átt við að frumpörfum allra sé fullnægt og að öllum sé gefinn kostur á að láta drauminn um betra líf rætast. En þá verður fólk einnig að sætta sig við neyslu sem er innan marka þess sem vistkerfi jarðar leyfa og allir geti keppt að." og síðar "Sjálfbær þróun verður best skilin sem breytingaferli þar sem nýting auðlinda, stjórnun fjárfestinga og stefna tækinþróunar ásamt breytingum í stjórnsýslustofnunum stuðlar allt að því að auðveldara verði að koma til móts við þarfir mannkynsins nú og framvegis." og enn síðar í þessu kveri stendur

"Markmiðið að verða sjálfbær krefst þess að öll lönd endurskoði stefnu sína og aðgerðir með tilliti til hvaða áhrif þau hafa á vistkerfi heimsins og efnahagslega þróun" og "Til þess að sjálfbær þróun nái fram að ganga verður að dreifa ábyrgðinni á afleiðingum opinberra ákvarðana, auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum og fjölgja þeim sem hafa áhrif á ákvarðanatöku sem snertir umhverfið."

Pessi skýrsla hefur haft heilmikil áhrif og þá fyrst og fremst á almenning, hún virðist engu breyta meðal stjórnmálaleiðtoga heimsins eða ég hef amk. ekki haft neinar spurnir af því að þjóðarleiðtogar hafi reynt að beina þjóðum sínum til sjálfbærar þróunar, þvert á móti, ekki einu sinni formaður nefndarinnar, Gro Harlem virðist munu hvað í skýrslunni stendur. Ég er þó fullviss um að þau fræ sem skýrslan hefur dreift verða vel spíruð og jafnvel vaxin árið 2020. Reyndar hefur skýrslan líka fengið heilmikla gagnrýni og ég man vel á kvennapinginu í Oslo, en þá var skýrslan svo til nýkomin út, að konur þar gagnrýndu hana með þeim orðum að hún væri ágæt úttekt á því ásandi sem ríkti, en þegar kæmi að því að benda á leiðir út úr vandanum þá væri eins og nefndarmenn hefðu verið keflaðir og bundnir á höndum og fótum. Við skulum í því sambandi minnast þess að þeir sem skrifuðu skýrsluna voru fyrst og fremst stjórnmálamenn, bundnir á klafa hefða og valdatogstreytu. S.l. haust kom hér til lands ritari Brundtland nefndarinnar og hann viðurkenndi fúslega erfiðleika þess að koma stjórnámönnunum inn á braut sjálfbærar þróunar. Hann sagði ástæðuna fyrst og fremst vera þá að komandi kynslóðir hefðu ekki atkvæðisrétt. Stjórnmálaleiðtogar þora ekki að boða minni neyslu, færri jafnvel enga einkabíla, takmörkun barneigna, útrýmingu fátæktaf kostnað hinna ríku o.s.frv. Þeir ná ekki endurkjöri út á þá stefnuskrá. Þess vegna höldum við áfram undan brekkunni. Eina leiðin til að snúa við er að almenningur verði almennt svo vel upplýstur að hann sjálfviljugur leggi á sig vissar þrengingar til þess að barnabörnin fái lifað, eða þá að á leiðinni niður á við sé svo augljós hindrun að ekki verði áfram farið.

Hagkerfi heimsins er í raun slik hindrun, en hætt er við að menn geri sér ekki nögu fljótt grein fyrir þeirri hindrun og hún stöðvi okkur ekki fyrr en of neðarlega er komið. Margir sjá þó

pennan Stein í vegi okkar nú þegar.

Eg er svo oft búin að tala um heimsku hagkerfisins að ég vil ekki breyta ykkur enn á slíkri umræðu enda þekkið þið hana eins vel sjálfar, þe. hvernig hagkerfið byggið á vermætamati sem er fjandsamlegt bæði konum og náttúru og þá um leið öllu mannkyni. Hagkerfið hlýtur að hrinja, hvort það verður fyrir þann tíma að ísland tapi sjálfstæði sínu veit ég ekki, en vona það.

Persaflóastriðið og Jætin í Júró eru brölt til að styrkja hagkerfið, viðhalda því eins og það er en ég vona að þetta brölt séu dauðateygjur. Erlendis er heilmikið unnið til að kynna galla núgildandi hagkerfis og m.a. hafa verið mynduð samtök þjóða til að sporna við alræði þess. Þau hafa höfuðstöðvar í London og halda jafnan fundi samtímis leiðtogafundum sjö helstu iðnríkja heims og senda þá frá sér yfirlýsingar sem oft ganga dálitið þvert á yfirlýsingar leiðtoga risaveldanna og njóta ekki enn sömu athygli t.d. hjá fjölmíðlum.

Ein ástæða þess að hagkerfið hlýtur að hrinja er sú að það byggir algjörlega á nýtingu ódýrrar, óendurnýjanlegrar orku, fyrst og fremst oliu. Oliubirgðir heimsins verða langt komnar árið 2020 og það sem eftir er verður mjög dýrt. . .

Þó svo hægt verði að finna einhverja tæknilausnir til orkuvinnslu þá er ólíklegt að nokkuð verði uppfundið sem reynist eins ódýrt og meðfærilegt og olia og afurðir hennar. Með Persaflóastriðinu var oliuverðið pint niður um stund og þá um leið seinkað enn frekar markvissri og öflugri leit að slikum orkugjöfum. Og ég get eiginlega ekki annað en tekið undir með kunningja mínum og ritstjóra lítils umhverfisverndarblaðs sem gefið er út í 1þöku þar sem ég var í fyrra, en hann sagði að í raun væri allt of mikil olía eftir í heiminum, á meðan eitthvað sé eftir þá fljóti menn áfram að feygðarósi, geri lítið til að finna nýjar lausnir og brenni alla þá oliu sem til er, en þá viðbótarmengun þoli loftbjúpur Jarðar ekki, nóg er nú samt.

Að gefnum þessum forsendum, hvernig verður þá um að lítast á Íslandi árið 2020? Ég vona að Ísland verði ennþá sjálfstætt ríki en ég get ekki að því gert að ég óttast mjög um sjálfstæði þess þessa dagana. Við höfum nefnilega það sem aðrar þjóðir skortir, fæðu, vatn og orku. Aðrar þjóðir hafa mjög byggt afkomu sína á

framleiðslu ýmiskonar sem eru ekki nauðpurftir og sem má búast við að falli mjög í verði ef þjóðir heimsins taka alvarlega eigin áskorun, samþykkta af Sameinuðu þjóðunum að stefna að sjálfbærri þróun. En hún felst einmitt i því að leggja áherslu á að fullnægja lífsnauðsynjum allra en draga úr annarri neyslu. Það er ljóst að þegar olíuöld liður undir lok þá mun verð á allri matvöru hækka verulega, framleiðslan verður miklu dýrari og frekari á mannafla og land, þegar ekki verður lengur hægt að nota alla oliuknúnu traktorana og vélarnar og auðvitað verða allir flutningar bæði innan landa og á milli landa dýrari. Það hefur viða erlendis verið farið mjög illa með ræktaland um áratugaskeið, framleiðslan hefur verið pind upp með alls kyns hjálparefnum, áburði og skordýraeitri, stöðugt meiri orka er sett í landið án þess að uppskera aukist eða batni að góðum, síst það. Nú eru menn meira að gera sér grein fyrir afleiðingum þessa bæði á land og fólk. Það er viða farið að vanta ýmis konar snefilefní i jarðveginn, svæði sem hafa verið ræktuð óhóflega verða að fá hvíld til að jafna sig og byggja upp nauðsynleg efni og eiginleika i jarðveg. Eg óttast að erlendir aðilar sjái sér leik á borði og sjái hvílik gullkista hvílir hér norður í höfum og ásælist auð okkar. Þeir vilja þá auðvitað fá gullið eins ódýrt og hægt er og t.d. sleppa öllum umbúðum. Fá fiskinn óunninn og rafmagnið beint inn á kerfið. En þeir gera sér líka gein fyrir að með því væru þeir okkur háðir, þessi agnarsmáa þjóð í norðri gæti bara einn góðan veðurdag ákveðið að selja þeim engan fisk þannig að verksmiðjurnar þeirra hefðu ekki hráefni og fólk ekki mat, eða við ákveddum að skrúfa fyrir rafmagnið til heilu borganna eða stórfyrirtækjanna í Evrópu, rétt eins og þegar Sovétmenn skrúfuðu fyrir gasið til Litháen og slikt vald fára þeir okkur ekki. Pess vegna sækjast þeir eftir því að koma yfir okkur þessu fræga yfirþjóðlega valdi, sölsa okkur undir sig. Vegna þessa er ég mjög á móti bæði því að sigla með óunninn afla og þó enn frekar að leggja sæstreng með rafmagni til Evrópu. Við eигum að fullvinna okkar útflutning, og rafmagnið þá t.d. í formi vetrnis, svo við getum alltaf selt hann hverjum sem er en ekki binda okkur örfáum voldugum aðilum sem gleypa okkur í einum bítum.

En horfum til Íslands, sjálfstæðs lands, vonandi. Arið 2020

verður væntanlega genginn í gildi að fullu lagabálkur sem gjarnan mætti fljótlega leggja fram á þingi, þess efnis að brennsla olíu og bensins sé bönnuð á Íslandi. Það veitti ekki af því að fara fljótlega að samþykkja slik lög sem gerðu t.d. ráð fyrir 20-25 ára aðlögunartíma að sliku banni og efldi þar með leit að og þróun annarra orkugjafa s.s. vetrnis og rafmagns. Mér skilst að nú þegar sé búið að samþykkja slik lög í Los Angeles, og veitti sannarlega ekki af. Bátaflotinn yrði þá auðvitað miklu minni og í samræmi við stærð fiskistofnanna. Það er auðlindasóun að vera með miklu fleiri og stærri skip en þarf til að veiða þá fiska sem má taka. Og það er einnig auðlindasóun að bátar séu að sigla út um allan sjó og allt í kring um landið með fiskinn, þannig að þá verður byggðakvótinn kominn í fullt gildi, fiskinum verður siglt stystu leið í land og unnin þar. Ef allt er tekið með þá hlýtur að vera hagkvæmara að vinna fiskinn í landi en úti á sjó, í landi er t.d. hægt að nota rafmagn beint til orku en úti á sjó þyrfti að vera búið að breyta rafmagninu í t.d. vetrni.

Borgir, lönd heimurinn í heild hefur verið skipulagður m.t.t. hinnar rangt verðlögðu og takmörkuðu olíu og það er ljóst að það verður að skipuleggja allt upp á nýtt. Til að draga úr flutningum á nauðþurftum s.s. fæðu, þá verður að færa fæðuframleiðsluna nær því sem fólkið býr, brjóta borgarmúrana og draga úr skilum borga og dreifbýlis. Eg sé reyndar ekki að stórborgir geti staðist í framtíðinni og tel ákaflega margt mæla með því bæði hvað varðar umhverfi og ekki síður ýmsa félagslega þætti að þeim verði skipt upp í tiltölulega smáar og sjálfstæðar einingar.

Með því að færa fæðuframleiðsluna til fólksins eða fólkið að fæðuframleiðslunni þá vinnst ákaflega margt auk orkusparnaðarins. Matvælaframleiðslan verður ekki ósýnileg stærstum hluta þjóðarinnar. Hægt er að nýta ýmis konar úrgang og skila honum aftur þangað sem hann var tekinn. Börn og aðrir öðlast skilning á stöðu sinni í lífheiminum. Ræktun verður í tiltölulega smáum einingum margra tegunda og hægt verður að sýna henni meiri aluð og því verður minni þörf eða engin fyrir tilbúinn áburð eða skordýraeitur. Stutt verður á milli ræktunarstaðar og neytenda þannig að ekki ætti að vera þörf á að úða ávexti og grænmeti rotvarnarefnum eða bæta sliku út í önnur matvæli og umbúðakostnaður ætti að vera í lagi marki svo og sorp sem stafar af

miklu leyti af umbúðum.

Það er ljóst að bensíndrifinn einkabíll er aðeins skammtimafyrbrigði og einkabilismi í núverandi mynd verður að hverfa. Það er auðlindasóun að framleiða þessi stóru hylki oft aðeins utan um einn mann og alltfa nýja og nýja árgerð. Það er orkusóun að flytja þessi stóru hylki fram og aftur miklu meira en í raun er þörf að. Það er sóun á landi að malbika óendanlega stór svæði fyrir götur og bílastæði. Það er tímasóun að sitja í hylkjunum kannski klukkustund á dag bara til að flytja sig í og úr vinnu. Það er miklu heilsusamlegra þæði fyrir líkamlega og andlega velliðan að skipulag sé þannig að fólk geti gengið eða hjólað það helsta sem það þarf að fara og njóti þá um leið líkamsræktar og útivistar í stað þess að þurfa að verja sérstökum tíma til þess eftir enn einn biltúrinna á líkamsræktarstöð. Bílar eru ógn í íbúðarhverfum, sérstaklega fyrir börn að leik. Það þarf að fara að skipuleggja fyrir fólk en ekki bíla og ég vona að það skipulag verði komið á árið 2020.

Um allt þéttbýli og byggðakjarna þurfa að hríslast göngu og hjólreiðastigar, jafnvel reiðgötur og síðan verður að fara að huga að rafknúnum sporbrautum á helstu leiðum. Þegar á það hefur verið minnst að mikilvægt væri að koma upp sporbrautum a.m.k. hér á höfðuborgarsvæðinu, þá apa menn hver eftir öðrum að það verði allt of dýrt en í raun hefur ekki verið gerð alvöru könnun á því síðan snemma á þessari öld. Og hætt er við að þegar menn fara út í slika útreikninga þá taki þeir ekki allt með, t.d. afleiðingar mengunarinn frá bílunum og allan þann gifurlega kostnað sem mætti spara sem nú fer í umferðarmannvirki og þjónkun við einkabilinn.

Jæja ég gæti auðvitað haldið endalaust áfram með þessa sundurlausu punkta, en timi minn er löngu búinn, ég ætla aðeins að fá að enda á smá sýnikennslu.

Hugsum okkur að þetta epli sé Jörðin.

70-75% af henni er þakið hafi

30% af því sem eftir er eru eyðimerkur þar sem er of burrt til að rækta land og búa.

Önnur 30% eru fjöll og auðnir sem eru of há eða of kalt og harbýlt til að lifa

Þetta er um 12. hluti af eplinu. Jörðinni og við lifum aðeins á yfirborði Jarðar, núna næstum fimm og hálfur miljarður, árið 2020 kannski þrisvar sinnum sá fjöldi, elskurnar mínar farið vel með landið.

Raunverulega lifsparfir:

Hreint loft og vatn
næringerrik fæða án eiturefna
gott og heilsusamlegt húsnæði,
næg hreyfing
aðhlynning

fullvissa um að vera að gera gagn
tilfinningatengls við annað fólk
fjölbreytt umhverfi náttúrulegt og menningarlegt,
rætur í fortíð og von um framtíð

Eða:

fæða, vatn, skjól, rými, skipan, sölarljós, jarðvegur, gróður, loft og félagstengsl.